



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Dagsetning: 27. apríl 2016
Skrifstofa: sviðsstjóra
Unnið af: Birnu Sigurðardóttur
Ábyrgð: Ellý A Þorsteinsdóttir
GoPro: 2011020031

Lagt fyrir velferðarráð 4. maí 2016

EFNI: STÖÐUMAT Á AÐGERÐAÁÆTLUN SKV. STEFNU REYKJAVÍKUR- BORGAR Í MÁLEFNUM ELDRÍ BORGARA TIL ÁRSINS 2017.

Forsaga:

Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara var samþykkt á fundi velferðarráðs 20. desember 2012. Aðgerðaráætlun var kynnt á fundi velferðarráðs 16. janúar 2014. Í janúar 2015 var lagt fyrir velferðarráð stöðumat á aðgerðaáætluninni. Hér er bætt við hver staða mála er í apríl 2016 m.t.t. allra verkefna í aðgerðaáætluninni.

Greinargerð:

FORVARNIR

Reykjavík - aldursvæn borg

RÖKSTUÐNINGUR: Á vegum Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) er starfsrækt verkefnið Global Network of Age Friendly Cities. Markmið með Age Friendly Cities eða aldursvænum borgum er að meta stöðu, móta stefnu til framtíðar og framkvæma aðgerðir sem miða að því að gera borgir aðgengilegar, aðlaðandi og hentugar fyrir eldri íbúa. Með þátttöku í verkefninu aldursvænar borgir myndi Reykjavíkurborg verða betri borg til að búa í fyrir alla íbúa og aldurshópa. Af hálfu WHO er lögð áhersla á víðtækt samstarf og þátttöku eldri borgara í þróun verkefnisins.

Aðgerðir:

- ✓ Komið verði á samstarfshópi ólíkra sviða borgarinnar til að vinna að verkefninu á árinu 2014. Samstarfshópurinn skoði möguleika á þátttöku Reykjavíkurborgar, geri verkáætlun og kostnaðarmeti verkefnið.
- ✓ Þegar ákvörðun um þátttöku Reykjavíkurborgar í verkefninu liggur fyrir ásamt verkáætlun og kostnaðarmati verði stofnaðir verkefnahópar með þátttöku hagsmunasamtaka.

Ábyrgðaraðili: *Skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra*

Staðan í apríl 2016

Áfanga I er lokið þ.e. undirbúningi umsóknar og umsókn um þátttöku í verkefninu er lokið en Reykjavíkurborg var í júní 2015 samþykkt inn í verkefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar (WHO) um aldursvænar borgir. Aldursvænar borgir er verkefni sem miðar að því að skoða þætti í þjónustu, umhverfi og skipulag borga og meta hvort og með hvaða hætti hægt væri að gera þær aldursvænni. Áfangi II felur í sér skipulagningu á framkvæmd verkefnisins og skv. tímaáætlun WHO er gert ráð fyrir að það 1-2 ár.

Verkefnið leggur áherslu á að skoða átta málefnasvið sem hafa áhrif á lífsgæði eldri borgara. Málefnasviðin átta eru:

- | | |
|--------------------------------------|---------------------------|
| 1. Útisvæði og byggingar | 6. Virk samfélagsþátttaka |
| 2. Samgöngur | og atvinnumöguleikar |
| 3. Húsnæði | 7. Upplýsingamiðlun |
| 4. Félagsleg þátttaka | 8. Samfélags- og |
| 5. Virðing og félagsleg viðurkenning | heilbrigðisþjónusta |

Rásfundur verkefnisins um aldursvænar borgir var haldinn í Tjarnarsal Ráðhús Reykjavíkur þann 25. nóvember 2015. Boðnir voru 56 þátttakendur frá eftirfarandi hagsmunasamtökum, ráðum og félögum:

- | | |
|---|---|
| • Félag eldri borgara | • Féлага áhugafólks um íþróttir fyrir aldraða |
| • Farsæl öldrun | • Reykjavíkurráð ungmenna |
| • Öldungaráð | • Notendaráð félagsmiðstöðva velferðarsviðs |
| • Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga | • Korpúlfar |
| • Öldrunarfræðifélagið | • U3A |
| • Samtök aldraðra | |

Stofnaðir voru átta starfshópar með þátttöku fulltrúa eldri borgara, velferðarráðuneytis, heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Strætó bs ásamt starfsmönnum Reykjavíkurborgar í mars 2016. Hlutverk hópanna er að yfirfara þær hugmyndir sem fram komu á rásfundinum. Hóparnir munu gera aðgerðaáætlun, forgangsraða, meta aðgerðahæfi aðgerða og setja árangursmælikvarða m.t.t. niðurstaðna af rásfundinum.

Gert er ráð fyrir að vinnu hópanna ljúki sumarið 2016.

GÆÐI OG SAMRÁÐ

Könnun á högum og viðhorfum aldraðra

RÖKSTUÐNINGUR: Óreglulega hafa verið gerðar lífskjararannsóknir á högum aldraðra. Stefnt er að því að slíkar kannanir verði settar í reglubundið ferli þannig að heildarmynd af breytingum fái st. Mikilvægt er að gera slíkar samanburðarhæfar rannsóknir á að lágmarki 4 ára fresti. Slík könnun var gerð í nóv.-des. 2012.

Aðgerðir:

- ✓ Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016 verði sett fjármagn í gerð könnunar.
- ✓ Á árinu 2016 verði samið við fyrirtæki um að gera könnun og til hliðsjónar verði hafðar fyrri lífskjarakannanir sem gerðar hafa verið til að ná fram samanburði.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra

Staðan í apríl 2016

Undirbúningur fyrir framkvæmd er hafin og vonast er til að rannsóknin hefjist sem fyrst.

Efling upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu um málefni sem varða eldri borgara

RÖKSTUÐNINGUR: Reykjavíkurborg vill stuðla að fjölbreyttu framboði af virkni og afþreyingu fyrir eldri íbúa, hvort heldur sem það er skipulagt af borgaryfirvöldum eða íbúum sjálfum í sjálfboðastarfi. Upplýsingar um þá þjónustu sem eldri borgurum stendur til boða í borginni eiga að berast borgarbúum í gegnum notendavænar heimasíður, með útgáfu upplýsingaefnis og styrkingu ráðgjafarþjónustu. Auk þess leggur borgin áherslu á að miðla upplýsingum frá sjálfssprottnum félagsskap eldri borgara og öðrum félagasamtökum. Upplýsingar um þjónustu þurfa að vera aðgengilegar á einum stað.

Aðgerðir:

- ✓ Velferðarsvið komi á samstarfi við vefstjórn heimasíðu Reykjavíkurborgar á árinu 2014
- ✓ Upplýsingar um þjónustu og félagsstarf fyrir eldri borgara sé uppfært vikulega og sé í prentvænu formi þannig að auðvelt sé að prenta það út og dreifa til þeirra sem þurfa.
- ✓ Árlega sé gefið út upplýsingaefni þar sem upplýsingar um framboð á virkni og afþreyingu fyrir eldri íbúa koma fram.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu sviðsstjóra

- ✓ Skoðaðar verði leiðir til að styrkja ráðgjafarþjónustu til eldri borgar t.d. með því að færa ráðgjöfina á þá staði sem eldri borgarar sækja.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri ráðgjafarþjónustu

Staðan í apríl 2016

Skv. upplýsingum frá skrifstofustjóra ráðgjafarþjónustu velferðarsviðs sem m.a. komu fram í svari við fyrirspurn sem lagt var fram á fundi velferðarráðs 17. mars 2016 hefur verið gripið til ýmissa ráða til að efla upplýsingaflæði til aldraða og efla ráðgjafarþjónustu m.a. á þjónustumiðstöðvum sviðsins. T.d. hafa verið gerðar tilraunir með opna viðtalstíma í þjónustuíbúðum en þeir hafa ekki verið vel sóttir. Það sem best hefur þótt henta er að forstöðumenn hafi milligöngu um aðkomu félagsráðgjafa að málum og þá hafa félagsráðgjafar farið í heimsókn á heimili viðkomandi. Ráðgjafar í öldrunarþjónustu taka flest sín viðtöl á heimilum fólks. Samkvæmt upplýsingum frá þjónustumiðstöðvum er ýmis upplýsingagjöf og ráðgjöf veitt í félagsstarfi aldraðra.

Á opnum fundi sem með starfsmönnum velferðarsviðs og fulltrúa frá félagi eldri borgara þann 13. febrúar 2015 kom fram að mikilvægast væri að tryggja aðgengilegar upplýsingar til aldraðra og aðstandanda þeirra á einum stað. Ákveðið hefur verið að skipa 3ja manna ritnefnd sem mun hafa það verkefni að vinna með vefteymi Reykjavíkurborgar að gerð nýrrar heimasíðu um þjónustu við aldraða. Þegar hefur verið gefið leyfi vefdeildar til slíkrar vinnu en gert er ráð fyrir að ný heimasíða verði sambærileg síðunni „foreldravefurinn“ sem Skóla- og frístundasvið heldur úti. Áætlað er að ljúka þeirri vinnu haustið 2016. Þjónustuhópur aldraðra er að vinna að gerð bæklinga um þjónustu til aldraðra sem verður tilbúinn á vormánuðum en einnig eru hafnar viðræður við fyrirtæki um gerð kynningarblaðs um þjónustu við aldraða á vegum Reykjavíkurborgar

Reykjavík er þátttakandi í verkefni um aldursvænar borgir á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Eitt af málefna sviðunum sem lögð er áhersla á er

upplýsingamiðlun. Stofnaður hefur verið starfshópur um upplýsingaflæði sem er skipaður fulltrúum eldri borgara auk starfsmanna frá upplýsinga – og vefteymi og frá skrifstofu þjónustu og reksturs. Starfshópurinn hefur það hlutverk að gera aðgerðaáætlun, forgangsraða, meta aðgerðahæfi aðgerða og setja árangursmælikvarða m.t.t. niðurstaðna af rásfundi sem haldinn var í 25. nóvember 2015. Gert er ráð fyrir að hópurinn ljúki störfum í júní 2016. Sjá nánari umfjöllun um verkefnið undir Forvörnum / Reykjavík aldursvæn borg á bls. 1.

Í svari við fyrirspurn um upplýsinga og ráðgjafþjónustu sem lagt var fram á fundi velferðarráðs 17. mars 2016 er að finna samantekt frá upplýsinga og vefdeild Reykjavíkurborgar um stöðuna hvað vefsíðu borgarinnar varðar.

Ábendingar um þjónustu

RÖKSTUÐNINGUR: Íbúar sem fá þjónustu heimahjúkrunar geta sent inn rafræna ábendingu um hvaðeina sem varðar þjónustu sem þeir þiggja, hvort sem um kvörtun eða hrós er að ræða. Reykjavíkurborg mun á næstu árum taka upp slíkt ábendingarkerfi fyrir alla heimaþjónustu í þeim tilgangi að tryggja að ábendingar fari réttar boðleiðir og skili sér í bættri þjónustu.

Aðgerðir:

- ✓ Velferðarsvið innleiði rafrænt ábendingarkerfi í félagslegri heimaþjónustu eigi síðar en 2015.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri á skrifstofu þjónustu heim.

Staðan í apríl 2016

Tafir hafa verið á því að innleiða rafrænt ábendingarkerfi í félagslegri heimaþjónustu þar sem ekki var tekin ákvörðun um að nota gæðahandbók á Velferðarsvið fyrir en á árinu 2015. Með tilkomu gæðahandbókar er hægt að koma á fót rafrænu ábendingarkerfi líkt og gert er í heimahjúkrun.

Nærþjónustuhópar og notendasamráð

RÖKSTUÐNINGUR: Nærþjónustuhópar hafa verið starfandi í nokkrum hverfum borgarinnar. Um er að ræða þverstofnanalegt samstarf á milli þeirra stofnana og félagasamtaka sem vinna að málefnum eldri borgara á hverfagrunni. Mikilvægt er að efla störf nærþjónustuhópa og koma þeim á í öllum hverfum borgarinnar. Einnig er mikilvægt að fagleg áhersla í þjónustu sé í takt við þarfir og óskir eldri borgara. Notendasamráð er mikilvæg leið til að fanga væntingar og óskir um úrræði. Þjónustuhópur aldraðra, öldungaráð og nærþjónustuhópar eru vettvangur til að ná slíku fram.

Aðgerð:

- ✓ Í starfsáætlun Velferðarsviðs fyrir árið 2015 verði áhersla á styrkingu á núverandi nærþjónustuhópum og áhersla á stofnun nærþjónustuhópa þar sem þeir eru ekki til staðar með það að markmiði að efla notendasamráð.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri framkvæmd þjónustu.

Staðan í apríl 2016

Starfsemi nærþjónustuhópa á þjónustumiðstöðvum var haldið áfram fram á árið 2011 en var þá lögð af í þeirri mynd sem upphaflega var gert ráð fyrir. Nauðsynlegt er að velferðarsvið fylgi eftir þeim áherslum sem fram hafa komið um nærþjónustuhópa, sem ekki hefur verið gert á undanförunum árum. Nánari upplýsingar um þróun og breytingar á nærþjónustuhópum var gerð skil í svari við fyrirspurn sem lögð var fyrir velferðarráð 17. mars 2016. Kallað hefur verið eftir upplýsingum frá framkvæmdastjórum þjónustumiðstöðva varðandi það hvernig áherslum um nærþjónustu fyrir aldraða hefur verið fylgt eftir og fá fram tillögum um framhaldið.

Notendasamráð:

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur ýmiskonar samráðsvettvang varðandi málefni aldraða.

- *Þjónustuhópur aldraða í Reykjavík hefur verið starfandi frá árinu 2002 eftir að borgarráð samþykkti á fundi sínum þann 22. október 2002 skipan hópsins í samræmi við lög um málefni aldraða nr. 152/199.*
- *Velferðarsvið Reykjavíkurborgar á fulltrúa í stjórn Öldrunarráðs Íslands en félagið hefur staðið fyrir ýmsum viðburðum um málefni aldraða.*
- *Öldrunarráð Reykjavíkur.*
- *Samstarf er á milli þjónustumiðstöðva og heilsugæslustöðva um málefni aldraða.*
- *Notendaráð eru starfrækt í félagsmiðstöðvum.*
- *Samráð sem fer fram á grundvelli einstaklingsbundinnar ráðgjafar og þjónustu.*
- *Félag eldri borgara, en fulltrúi félagsins er í þjónustuhópi aldraða sem fundar reglulega.*
- *Verkefni um aldursvænar borgir þar sem formaður Öldrunarráðs á sæti í stýrihópi verkefnisins. Að störfum eru átta starfshópar á grundvelli verkefnisins með 3 - 5 fulltrúa í hverjum hópi frá samtökum sem tengjast öldruðum.*
- *Opnir fræðslufundir og málþing t.d. málþing um „Virgni til æviloka – að bæta lífi við árin“ sem haldið var þann 1. mars sl. á vegum Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis.*
- *Fundur velferðaráðs t.d. fundur um málefni aldraða þann 4. febrúar 2016.*

STUÐNINGUR TIL SJÁLFSTÆÐRAR BÚSETU

Heimaþjónusta

RÖKSTUÐNINGUR: Reykjavíkurborg hefur sameinað félagslega heimaþjónustu og heimahjúkrun í einu hverfi borgarinnar sem þjónustar 40% notenda. Velferðarráð hefur samþykkt að sameina félagslega heimaþjónustu og heimahjúkrun í öðrum hverfum borgarinnar á næstu misserum.

Aðgerðir:

- ✓ Sameining félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar í Breiðholti/Árbæ/Grafarholti og Grafarvogi verði lokið í desember 2014.
- ✓ Sameining félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar í hverfi Miðborgar/Hlíða og Vesturbæjar verði lokið desember 2014.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri þjónustan heim í samstarfi við skrifstofustjóra framkvæmdar þjónustu.

Staðan í apríl 2016

Lokið er að sameina heimaþjónustu í Breiðholti/Árbæ/Grafarholti og Grafarvogi. Í byrjun árs 2015 og var ráðinn einn deildarstjóri yfir sameiginlegri þjónustu. Sameinuð heimaþjónustu fyrir Miðborg/Hlíðar og Vesturbæ er áætlað að flytji á Vitatorg vorið 2016 og framkvæmdir við breytingar eru þegar hafnar.

Hollur og góður matur

RÖKSTUÐNINGUR: Fæðið sem Reykjavíkurborg býður sínum elstu borgurum skal vera hollt og lystugt. Þeir sem matreiða eiga að hafa þekkingu á gæðum og hollustu. Íbúar eiga að geta nálgast matinn á félagsmiðstöðvum og notið hans í félagsskap annarra eða fengið hann sendan heim til sín ef þörf krefur.

Aðgerðir:

- ✓ Á árinu 2015 verði skoðað hvort hægt er að auka fjölbreytni og val um mat hvort sem um er að ræða heimsendan mat eða mat á félagsmiðstöðvum
- ✓ Stefnt er að því að bjóða upp á sérfaði fyrir þá sem þurfa á því að halda eigi síðar en á árinu 2016.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri þjónustu heim

Staðan í apríl 2016

Vinnuhópur um stefnumörkun fyrir starfsemi eldhúss við Vitatorgi sem skipaður var í nóv. 2014 hefur ekki lokið vinnu sinni og er enn að störfum. Ekki hefur tekist að verða við þessum aðgerðum m.a vegna plássleysis í eldhúsinu á Lindargötu.

BÚSETUMÖGULEIKAR

Þjónustuíbúðir

RÖKSTUÐNINGUR: Fyrir þá sem þurfa meiri þjónustu en unnt er að veita heima, eða telja sig ekki nægjanlega örugga heima við eru þjónustuíbúðir Reykjavíkurborgar úrræði sem Reykjavíkurborg hefur upp á bjóða. Markmið með þjónustuíbúð er að brúa bilið á milli búsetu á eigin heimili og á hjúkrunarheimili fyrir þá sem þess þurfa. Stefnt skal að því að bjóða upp á þjónustuíbúðir með þarfir ólíkra hópa aldraðra í huga s.s. gæludýraeigenda, fólk með vímuefnavanda og geðrænan vanda.

Aðgerðir:

- ✓ Á grundvelli starfsáætlunar Velferðarsviðs árið 2013 er unnið að þróunarverkefni í einum þjónustuíbúðakjarna Velferðarsviðs. Þar verði lögð verði áhersla á að þjónusta þann hóp aldraðra sem þarf á þjónustuíbúð að halda en þarf sértækari þjónustu en unnt er að veita við núverandi aðstæður.
- ✓ Árið 2013 var skipaður starfshópur sem hafi það hlutverk að skilgreina hópinn, kortleggja þær breytingar sem mögulega þarf að gera á því húsnæði sem kemur til greina, gera kostnaðaráætlun og annað það sem þarf til að undirbúa þróun sértækra þjónustuíbúðakjarna. Í framhaldi af niðurstöðu hópsins verði næstu skref skoðuð og lögð fram tillaga um framkvæmd.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri þjónustan heim

Staðan í apríl 2016

Á undanförunum árum hafa verið starfandi nokkrir starfshópar sem hafa haft það hlutverk m.a. að skoða þörf og möguleika á aukinni heilbrigðisþjónustu í þjónustuíbúðakjarna og þróun þjónustuíbúða fyrir fjölbreytilegan hóp aldraðra. Niðurstöður starfshópanna eru notaðar sem grunnur fyrir vinnu starfshóps vegna endurskoðunar markhóps þjónustuíbúða, sem skipaður var með erindisbréfi dagsettu 8.febrúar 2016. Hópurinn mun meta þá þjónustu sem veitt er í þjónustuíbúðum í dag og kanna samræmi í framboði á þjónustu og þjónustubörf þeirra ólíku hópa sem þar búa núna og þeirra sem biðlistarnir endurspegla. Einnig skoða hvaða markhópur þjónustuíbúða á að vera til framtíðar. Gert er ráð fyrir að hópurinn ljúki störfum á vormánuðum 2016.

Óskað hefur verið eftir viðbótarfjármagni vegna aukinnar mönnunar fyrir íbúa með fíknivanda í þjónustuíbúðum vegna gerð 5 ára fjárhagsáætlunar en það hefur ekki en náðst.

Breytingar á húsnæði

RÖKSTUÐNINGUR: Mikilvægt er að leita leiða til að gera fólki kleift að búa á heimilum sínum eins lengi og unnt er. Á síðustu árum hafa verið gangi þróunarverkefni sem tengjast breytingum á húsnæði í einkaeigu með það að markmiði að auðvelda aðgengi íbúa að íbúðum sínum og koma í veg fyrir að þeir þurfi að flytja annað. Mikilvægt er að geta haldið þeirri þróun áfram.

Aðgerðir:

- ✓ Á árinu 2015 leiti Velferðarsvið eftir samstarfi við ríkið og aðra viðeigandi aðila um leiðir til að aðstoða fólk kleift við breyta húsnæði sínu þegar þörf krefur með það að markmiði að fólk geti búið heima sem lengst.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri þjónustan heim

Staðan í apríl 2016

Á árinu 2015 leitaði velferðarsvið óformlega eftir upplýsingum frá ríkinu varðandi leiðir til að aðstoða fólk við að breyta húsnæði sínu. Slík leit skilaði engum árangri. Áfram verður leitað leiða til að kanna með hvaða hætti hægt er að auðvelda fólki að gera breytingar.

Velferðarsvið hefur hins vegar frá árinu 2014 tekið markvisst þátt í ýmsum norrænum verkefnum á sviði velferðartæknilausna sem auðvelda eldri borgurum að gera breytingar á heimilum sínum, t.d. hvað varðar aðgengi. Sú vinna heldur áfram.

Hjúkrunarrými og stuðningsúrræði

RÖKSTUÐNINGUR: Hjúkrunarrými er fyrir þá sem hafa mikla þörf fyrir umönnun og hjúkrunarþjónustu. Öll önnur raunhæf úrræði þurfa að hafa verið reynd áður en til dvalar í hjúkrunarrými kemur. Mikilvægt er því að tryggja aðgengi eldri borgara að stuðningsúrræðum, s.s. dagdvöl og hvíldarinnlagnarplássum til að viðhalda virkni þeirra og seinka eða koma í veg fyrir ótímabæra á hjúkrunarheimili.

Aðgerðir:

- ✓ Reykjavíkurborg hlutist til við velferðarráðuneytið um skipan starfshóps sem taki til starfa á árinu 2014 og meti þjóðfélagsleg áhrif fjölgunar aldraðra og geri

tillögur að viðbrögðum, s.s. áætlun um þörf fyrir uppbyggingu hjúkrunarrýma, sveigjanlegum dagþjálfunarúrræðum og þjónustu- og öryggisíbúðum á næstu árum.

- ✓ Reykjavíkurborg hlutist til um uppbyggingu og fjölgun hjúkrunarrýma í takt við þörf á næstu árum í samstarfi við velferðarráðuneytið.

Ábyrgðaraðili: Sviðsstjóri Velferðarsviðs

Staðan í apríl 2016

Í bréfi Velferðarráðuneytisins, dags. 1. feb. 2016, var gefin heimild til að hefja áætlunargerð við uppbyggingu hjúkrunarheimilis í Reykjavík og því er stefnt að undirbúningi að framkvæmdum við þjónustukjarna fyrir aldraða á Sléttuvegi, á vormánuðum 2016, í samræmi við upphafleg áform frá árinu 2007. Markmið Reykjavíkurborgar er að leggja til lóð til uppbyggingar á aðstöðu og að veita félagslega heimaþjónustu fyrir aldraða. Stefnt er að því að Sjómannadagsráð annist verkefnisstjórn og daglega umsýslu verkefnisins. Til liðsinnis mun Sjómannadagsráð og Reykjavíkurborg skipa í 4-6 manna byggingarnefnd sem hefur það hlutverk að samræma og taka ákvarðanir um einstök atriði verkefnisins.

Matstæki og gæðaviðmið

RÖKSTUÐNINGUR: Reykjavík var fyrst sveitarféлага til að taka upp gæðaviðmið í heilbrigðisþjónustu í heimahúsum. Með því að nota RAI-HC tækið til að meta þjónustuþörf og gæði þeirrar heilbrigðisþjónustu sem veitt er, er hægt að fylgjast með gæðum og ráðast í sérstaka umbótavinnu þar sem hennar er þörf.

Aðgerðir:

- ✓ Mælitækið RAI-HC verði innleitt í heimaþjónustu

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri þjónustan heim

Staðan í apríl 2016

Byrjað var að prófa að nota RAI-upphafsmat á þjónustumiðstöð Laugardal og Háaleiti síðla árs 2014. Þar sem ekki hefur fengist fjármagn frá ríkinu til að fara í lagfæringar á ágöllum í kerfinu og vegna biðar við að fá svar hvort ráðuneytið ætli að setja fjármagn í að vinna að áframhaldandi stöðlun, hefur verkefnið tekið lengri tíma en áætlað var.

AÐSTANDENDUR

Stuðningur við aðstandendur

RÖKSTUÐNINGUR: Þeir aðstandendur sem eru mjög bundnir yfir veikum aðstandanda þurfa einnig oft á meiri hvíld að halda en einungis þá stuttu stund sem heimaþjónustustarfsmaður stoppar.

Aðgerðir:

- ✓ Markvisst skal unnið að því kortleggja þörf aðstandenda fyrir stuðning og ráðgjöf
- ✓ Þjálfarar skal starfsfólk í því að veita ráðgjöf og stuðning til aðstandenda.

Ábyrgðaraðili: Skrifstofustjóri ráðgjafabjónustu.

Staðan í apríl 2016

Á fundi sem var haldinn þann 22. febrúar 2015 með starfsmönnum velferðarsviðs og fulltrúa félags eldri borgara kom fram að einn mikilvægasti stuðningur við aðstandendur aldraðra fælist í því að tryggja upplýsingagjöf þannig að aðstandendur vissu hvert þeir ættu að leita eftir upplýsingum um þjónustu og hvaða þjónusta væri í boði. Fram kom að æskilegast væri að gefa út bækling sem sendur yrði til aldraðra og hægt væri að láta liggja frammi á þeim stöðum sem aldraðir sækja.

Þjónustuhópur aldraðra er að vinna að gerð bæklinga um þjónustu til aldraðra sem verður tilbúinn á vormánuðum.

STARFSFÓLK

RÖKSTUÐNINGUR: Þekking, reynsla og ánægja starfsfólks tryggir gæði þeirrar þjónustu sem veitt er. Störfingur þurfa að vera eftirsóknarverð og bjóða upp á skapandi og heilbriggt vinnuumhverfi.

- ✓ Markvisst skal lögð áhersla á þekkingu, símenntun, fræðslu og þjálfun starfsfólks í öldrunarþjónustu.

Ábyrgðaraðili: Starfsmannastjóri Velferðarsviðs

Staðan í apríl 2016

Líkt og verið hefur undanfarin ár hefur starfsmönnum velferðarsviðs staðið til boða að taka þátt í fjölbreyttri fræðslu og símenntun veturinn 2015-16. Um er að ræða fagtengda fræðslu fyrir þann hóp starfsmanna sem sinnir öldrunarþjónustu, - en einnig almenn almenn námskeið og námskeið ætluð til að styrkja persónulega hæfni.

Reynt er að mæta þörfum og óskum þess starfsfólks sem sinnir öldruðum eftir fremsta megni. Við undirbúning, skipulagningu og greiningu fagtengdra fræðsluþarfa er horft til þarfa og óska þeirra starfsmanna sem starfa við öldrunarþjónustu. Haft er samráð við fræðslufulltrúa þessa hóps auk þess sem haft er markvisst samráð við stjórnendur og fulltrúa starfsfólks í umönnun, heimaþjónustu og hjúkrun og tekið mið af áherslum starfsseminnar sem birtast í stefnum og starfsáætlunum.

Veturinn 2015-16 voru í boði yfir 20 námskeið sem nýtist starfsfólki sem starfar við öldrunarþjónustu í starfi sínu. Má þar m.a. nefna 14 fagtengd námskeið s.s. heilabilun sem hrörnunarsjúkdóm; geðræn vandamál aldraðra; væntumþykja í verk; kvíði, þunglyndi og geðraskanir; valdefling og notendasamráð auk fleiri fagnámskeiða. Auk þess voru í boði hefðbundinn námskeið eins og skyndihjálp og viðbrögð við ofbeldi og hótunum. Í þeim flokki sem nær yfir persónulega hæfni má m.a. nefna námskeið eins og streita og lífsstíll; betri líðan – aukin lífsgæði (lífsorðin 14); heilsueflandi vinnustaður í núinu og trú á eigin getu.

Vinna við fræðsluáætlun haustsins 2016 er að hefjast og hefur verið kallað eftir tillögum og óskum um fræðslu vegna þess.

Fræðsla fyrir starfsmenn í öldrunarþjónustu haust 2015 og vor 2016

Heimaþjónusta, umönnun og hjúkrun

- Heilabilum sem hrörnunarsjúkdómur (fræðsla um Parkinson og Lewy Body)
- Hvað skiptir máli í þjónustu við fólk
- Næring um slöngu, næringaráætlun og umhirða á magastóma/PEG
- Sýkingar og sóttvarnir
- Smitgát og fjölonæmar bakteríur
- Geðræn vandamál aldraðra
- Grunnnámskeið í EMS (Eigið mat á starfsgetu)
- Valdefling
- Notendasamráð
- Sýkingavarnir og sýklalyfjapolnar bakteríur
- Væntumþykja í verki
- Samskipti starfsmanna og notenda, - mörk í þjónustu
- Ný lyf og lyfjafræði
- Kvíði, þunglyndi og geðraskanir

Skyndihjálp og öryggi

- Skyndihjálp
- Viðbrögð við ofbeldi og hótunum

Upplýsingatækni

- Heimþjónustugrunnur

Sjálfrækt og líðan í starfi

- Markmiðasetning og langtímaárangur
- Liðsheild og góður starfsandi
- Streita og lífsstíll
- Betri líðan – aukin lífsgæði (Lífsorðin 14)
- Heilsueflandi vinnustaður í núinu
- Trú á eigin getu